

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Húnaþingi vestra.

*Deiliskipulag skólasvæðisins Hvammstanga.*

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum þann 12. september 2019 deiliskipulag fyrir skólasvæðið á Hvammstanga. Deiliskipulagssvæðið er um 5,1 ha að stærð og helstu viðfangsefni eru skilgreining á lóðamörkum, afmörkun byggingarreita, umferðarflæði, gróður og staðsetning leik- og dvalarsvæða. Fyrirhuguð stækkun Grunnskóla Húnaþings vestra er helsta forsenda fyrir gerð skipulagsins.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi austan Norðurbrautar, Hvammstanga.*

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum þann 12. september 2019, breytingu á deiliskipulagi austan Norðurbrautar, Hvammstanga. Um er að ræða breytingu á syðri skipulagsmörkum en skipulagssvæðið minnkar um 3,2 ha í samræmi við nýtt deiliskipulag skólasvæðisins á Hvammstanga. Stærð skipulagssvæðisins verður því 25,3 ha eftir breytinguna.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi austan Norðurbrautar, Hvammstanga.*

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti þann 11. apríl 2019 óverulega breytingu á deiliskipulagi austan Norðurbrautar, Hvammstanga. Breytingin nær til lóðar Norðurbrautar 24 og felst í stækkun á byggingarreit um 12 metra til norðurs auk lóðarstækkunar til norðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Hvammstanga, 16. október 2019.*

**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir** sveitarstjóri.